



Fréttatilkynning 03/04
Lúxemborg, 10. desember 2004

Aðilaskipti að fyrirtækjum

(Mál E-2/04 *Reidar Rasmussen o.fl. gegn Total A&P Norge AS*)

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli þar sem reyndi á regluna um aðilaskipti að fyrirtækjum í 1. gr. tilskipunar 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við aðilaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar. EFTA-dómstóllinn fjallaði einnig um tímamark aðilaskipta, sbr. 3. gr. tilskipunarinnar og andmæli starfsmanna gegn flutningi vegna aðilaskipta.

Málinu var vísað til EFTA-dómstólsins frá áfrýjunardómstóli Gulapings (Gulating lagmannsrett). Málið fyrir þeim dómstól er rekið milli Total E&P Norge, sem vinnur gas á norsku hafssvæði, og þriggja starfsmanna sem unnu hjá Total E&P Norge á svæðinu. Ágreiningur málsins fyrir norska dómstólum lýtur að því hvort samningur sem gerður var milli Total E&P Norge og Aker Offshore Partner um að sinna viðhalds- og stoðþjónustu á svæðinu fól í sér brottvikningu starfsmannanna og varðar þá spurningu hvort um var að ræða aðilaskipti í skilningi norskra laga sem innleiddu tilskipunina.

Í úrlausn EFTA-dómstólsins kemur fram að skipulag atvinnurekstrar geti eitt og sér ekki útilokað aðilaskipti í skilningi tilskipunarinnar. Einnig kemur fram að framsal á atvinnurekstri sem reiðir sig að verulegu leyti á tæki og tól geti talist til aðilaskipta samkvæmt tilskipuninni þrátt fyrir að eignarrétturinn að viðkomandi tækjum og tólum sé ekki framseldur ef nauðsynleg afnot af tækjunum eru tryggð. Ennfremur segir í dóminum að tilskipunin geti átt við enda þótt sá aðili sem við rekstrinum tekur feli öðru tengdu fyrirtæki að sinna hluta rekstrarins og það fyrirtæki taki yfir hluta þeirra starfsmanna sem eiga að flytjast vegna aðilaskiptanna.

Að lokum segir í úrlausn EFTA-dómstólsins að túlka verði 3. gr. tilskipunarinnar svo að réttindi og skyldur er tengjast ráðningarsamningi færast sjálfkrafa samfara aðilaskiptum til þess aðila sem við rekstrinum tekur vegna þeirra starfsmanna sem ekki hafa tilkynnt að þeir vilji ekki flytjast til nýja rekstraraðilans.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.